



MAST

Matvælastofnun



FRÁ HEILBRIGÐ
TIL HOLLUSTU

Hlutverk og stefna

MATVÆLASTOFNUN

Hlutverk

Matvælastofnun sinnir stjórnsýslu, eftirliti, fræðslu og þjónustu við sjávarútveg, landbúnað, fyrirtæki og neytendur í þeim tilgangi að stuðla að heilbrigði og velferð dýra, heilbrigði plantna og öryggi, heilnæmi og gæðum matvæla.





Framtíðarsýn

Matvælastofnun mun standa vörð um þá auðlind sem felst í heilbrigði plantna og heilbrigði og velferð dýra í ómenguðu umhverfi. Stofnunin mun jafnframt vinna að gæðum og heilnæmi fisk- og landbúnaðarafurða, matvælaöryggi og neytendavernd í síbreytilegu markaðsumhverfi sem leiðir af nýsköpun í matvælaframleiðslu og auknum alþjóðaviðskiptum.

Verkefni

Matvælaöggjöf og matvælaeftirlit

Neytendavernd og fræðslumál

Heilbrigði og velferð dýra

Plöntuheilbrigði og sáðvara

Fóður og áburður

Sóttvarnir og viðbragðsáætlanir



Fiskeldi og kjötmát

*Inn- og útflutningseftirlit,
rekstur landamærastöðva*

*Yfirumsjón og eftirlit:
Heilbrigðiseftirlit og dýralæknþjónusta*

*Stjórnarsýsluverkefni:
Lögfræði, alþjóðamál, gæðastýring,
beingreiðslur og öflun hagtalna*

Stefna 2015-2020

Samræmt verklag

Við þróum áfram gæðakerfi og gerum úttektir á eigin starfsemi og annarra. Verkferlar verða í reglubundinni endurskoðun sem tryggir skilvirk, fagleg og samræmd vinnubrögð, sem bera árangur. Við vinnum sem ein stofnun, ein heild og um land allt.





Miðlun upplýsinga

Við leiðbeinum til að bæta vinnubrögð jafnt innan sem utan stofnunar og veitum upplýsingar til að auka aðhald og auðvelda almenningi að taka upplýsta ákvörðun. Áhersla á forvarnir bætir öryggi matvæla, lýðheilsu, heilbrigði og velferð dýra og plöntuheilbrigði. Við stundum opna stjórnsýslu, fræðum og upplýsum.

Velferð og verðmætasköpun

Við stuðlum að einfaldara og markvissara regluverki sem tekur tillit til þarfa neytenda og viðskiptavina okkar. Með störfum okkar skapast forsendur til markaðssetningar heilbrigðra dýra og öruggra afurða, jafnt innanlands sem utan. Við verndum heilsu manna, dýra og plantna og aukum velferð og verðmætasköpun.





Gott starfsumhverfi

Við sköpum starfsumhverfi sem tryggir að starfsfólk nýti og þrói þekkingu sína samfélaginu til gagns. Starfsumhverfi verði sveigjanlegt, til fyrirmyndar og stuðli að vellíðan og árangri í starfi. Ánægja í starfi og gagnkvæm virðing er allra hagar.

Við setjum okkur markmið í samræmi við stefnu stofnunarinnar

Árvekni er forsenda þess að stofnunin nái að rækja hlutverk sitt á tímum örra breytinga. Mæta þarf framþróun og nýjum viðfangsefnum með fyrirhyggju, frumkvæði og lausnum sem svara kalli tímans.


Árvekni

Framsækni

Gildi

Stofnunin skal hafa forystu á sínu starfssviði og vinna að hagræðingu og einföldun á eftirliti og stjórnsýslu. Árangursstjórnun og gæðastjórnun skal hafa að leiðarljósi og leita bestu úrlausnar mála.





Stjórnsýslu- og upplýsingalög skal hafa í heiðri og rökstyðja þarf ákvarðanir vel. Nýta ber upplýsingatækni til að leiðbeina viðskiptavinum og tryggja þeim aðgang að nauðsynlegum gögnum og upplýsingum.

Gegnsæi

Afgreiðsla erinda á að vera fagleg og þannig að viðskiptavinir beri traust til starfsseminnar.

Vinnubrögð skulu vera

trúverðug, gæta

þarf hlutleysis við

ákvörðunartöku

og sýna ber

viðskiptavinum og

samstarfsfólki virðingu.

Traust

Matvælastofnun

...frá heilbrigði til hollustu

*Við vinnum sem ein stofnun,
ein heild og um land allt*

*Við verndum heilsu manna,
dýra og plantna og aukum
velferð og verðmætasköpun*

*Við stundum opna stjórnslu,
fræðum og upplýsum*